

Foreldraráð Ársólar

Efni: Fyrsti fundur fyrir skólaárið 2017-2018

Dagsetning: 9. nóvember 2017 kl.15:00

Staður: Ársól

Mættir: Berglind Grétarsdóttir (BG), skólastjóri og fundarritari, Berglind A. Zoega Magnúsdóttir, Bergþóra Smáradóttir, Helga Hreiðarsdóttir og Steinunn Erla Eðvaldsdóttir

1. Fulltrúar kynntu sig og skiptu með sér embættum

- Fulltrúar í foreldraráði Ársólar á skólaárinu 2017-2018 eru eftirfarandi:
 - Berglind A. Zoega Magnúsdóttir verður meðstjórnandi. Hún er móðir Alexöndru Heru á Sunnukoti
 - Bergþóra Smáradóttir er ritari. Hún er móðir Smára á Sólheimum.
 - Helga Hreiðarsdóttir verður formaður. Hún er móðir Salvarar á Sólheimum.
 - Steinunn Erla Eðvaldsdóttir verður meðstjórnandi. Hún er móðir Friðu Máneyjar á Sjónarhóli
 - Berglind Grétarsdóttir skólastjóri Ársólar er tengiliður skólans við foreldraráðið og jafnframt gjaldkeri foreldrafélagsins (svo að það þurfi ekki að skipta um prókúruhafa á reikningi félagsins á hverju ári).

2. Hlutverk foreldraráðsins/-félagsins

- Berglind útskýrði stuttlega hlutverk foreldraráða í leikskólum sem hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi, t.d. árið 2016 gaf foreldraráðið umsögn þegar til stóð að flytja leikskólann úr Sólheimum í Völundarhús í júlí 2016.
- Einnig gefur ráðið umsagnir til leikskóla um starfsáætlanir sem er skilað inn til Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur 1. júlí ár hvert og þegar það verða breytingar á skólanámskrá, o.fl.
- Þar sem Ársól er lítill leikskóli þá eru fulltrúar í foreldraráði einnig í foreldrafélaginu.
- Lítið er um utanaðkomandi skemmtanir í Ársól vegna ungs aldurs barnanna. Foreldrafélagið í samstarfi við stjórnendur Ársólar hefur séð um að skipuleggja vor/sumarhátíð leikskólans sem fer yfirleitt fram í lok maí eða byrjun júní ár hvert.
- Foreldrafélagsgjaldið stendur undir kostnaði við vorhátíðina og foreldrafélagið hefur jafnframt styrkt leikskólann með ýmsum gjöfum, t.d. var ný myndavél, hjálmar, hjól og nokkrir stólar gefnir leikskólanum á síðasta skólaári.

3. Staða á reikningi foreldrafélagsins

- Staðan á reikningnum 6.11.2017 er **kr. 112,150,-**
- Kostnaður við sumarhátíð Ársólar 2017 var kr.111,108,- og innifalið í þeirri upphæð var skemmtiatriði frá Ípróttaálfnum og Sollu stirðu, leiga á hoppukastala og ávaxtaís frá Ísmanninum.
- Foreldrafélagið vill styrkja skólann á einhvern hátt. Rætt var um að skoða starfsumhverfið og að styrkja starfsmannafélagið á vorönn.

4. Breyting á skóladagatali vegna námsferðar starfsfólks Ársólar í maí 2018

- Þegar skóladagatalið var gert vorið 2017 lá ekki fyrir hvenær starfsfólkið færi í þessa ferð. Það kom svo í ljós að flugið er seinni part 8. maí (sem er þriðjudagur).
- Við biðjum um umsögn frá foreldraráði Ársólar um að það samþykki breytingu á skóladagatali þannig að tveir starfsdagar sem áætlaðir voru 17. og 18. maí verði breytt í 9. og 11. maí (sitt hvoru megin við uppstigningardag sem er 10. maí).
- Foreldraráð Ársólar samþykkir þessa breytingu á skóladagatalinu 2017-2018 og mun senda inn umsögn til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur því til staðfestingar.

5. Veikindi barna

- BG ræddi lítillega um þær magapestir sem hafa verið að ganga undanfarin mánuð í leikskólanum og það vinnulag sem er í gangi vegna þessa. Hún hefur verið í samskiptum við Stefán Matthíasson sóttvarnalækni í Reykjavík út af þessu.
- Foreldraráðið sýnir því skilning að strangt þurfi að taka á því hvenær börn eru send heim og endurkoma þeirra eftir veikindi til að draga sem mest úr smithættu á milli barna og starfsfólks.

6. Sumarhátíð Ársólar 2018

- Það er hefð fyrir því að foreldrafélag Ársólar í samvinnu við starfsfólk skólans haldi veglega vorhátíð í lok maí/ byrjun júní á hverju ári.
- Skoppa og Skríttla eða Ípróttaálfurinn hafa verið fastir gestir og einnig er hoppukastali, andlitsmálning og heilsusamlegar veitingar í boði.
- Skoppa og Skríttla hafa alltaf slegið í gegn en það kemur ekki í ljós fyrr en í febrúar hvernig sumardagskráin verður hjá þeim. Þær hafa ekki náð að skemmta í Ársól undanfarin ár en mikill áhugi er fyrir því að fá þær á næstu sumarhátíð.
- Ákveðið var að bíða með að fastsetja dagsetningu fyrir hátíðina þangað til við vitum hvenær Skoppa og Skríttla eru að skemmta næsta sumar.

7. Fulltrúi í Grænfánateymi Ársólar

- Ekkert foreldri bauð sig fram svo Þórdís starsfmaður á Sólheimum sem er jafnframt með barn á Sunnukoti mun vera fulltrúi foreldra í Grænfánateyminu.

8. Önnur mál

- Fyrirspurn um hvort að það stæði til að fjölga börnum í Ársól umfram þau 54 sem hafa verið nú þegar skólinn hefur leyfi til að taka við fleiri börnum. Framkvæmdastjórn Skóla hefur ekki farið fram á það á þessu skólaári og aðstæður í þjóðfélaginu þurfa að breytast umtalsvert áður en það verður að veruleika.
- Fyrirspurn varðandi starfsmannamálin. Ársól verður ekki fullmannað fyrr en í kringum 10. desember þegar einn starfsmaður fer úr 36,25% starfi í 100% starf. Sjáum fram á að það verða ekki komin 54 börn í hús fyrr en um miðjan janúar 2018.

- Helga formaður stakk upp á því að foreldraráðið/félagið skipulagði vorhreingerningu með foreldrum og var það samþykkt. Verður það skipulagt síðar í samráði við stjórnendur Ársólar.
- Umræða um konfekt og súkkulaði sem foreldrar eru duglegir að gefa starfsfólki Ársólar í desember ár hvert. Starfsfólkinu finnst alltaf gaman að vita hversu þakklátir foreldrar eru en að hafa það í huga að við erum Heilsuleikskóli og viljum halda sykurneyslu í lágmarki. Ef foreldrar vilja koma á framfæri þakklæti við starfsfólkið þá geta foreldrar millifært á starfsmannasjóðinn eða sett í sparibauk ef foreldrar vilja hafa styrkinn nafnlausan. Þannig getur starfsfólkið einnig keypt smá konfekt fyrir kaffistofuna og restin af upphæðinni safnast í starfsmannasjóðinn.

Fundi slitið kl.15:40